



Reglur fagdeildar stjórnenda

1. grein.

Fagdeild slökkviliðsstjóra innan LSS starfar að sérmálefnum slökkviliðsstjóra og stjórnenda innan LSS og vinnur að framgangi mála á sínu sviði.

2. grein.

Á aðalþingi er kosinn formaður fagdeildar stjórnenda. Formaður tilnefnir varaformann, gjaldkera og ritara til stjórnar til samþykktar. Kjörtímabil stjórnar Fagdeildar er tvö ár. Að öðru leyti skiptir stjórn með sér verkum.

Stjórn fagdeildar fer með málefni deildarinnar á milli ársfunda. Stjórnin skal starfa á grundvelli laga, reglna og annarra samþykktar er gilda um starfsemi deildarinnar.

Stjórnin fjallar um umsagnir sem henni berast til umfjöllunar frá stjórn LSS.

3. grein.

Aðild að Fagdeild stjórnenda geta átt slökkviliðsstjórar-stjórnendur innan LSS og staðgenglar þeirra á grundvelli 3. greinar laga félagsins. Það eru aðilar sem bera ábyrgð á rekstri starfseininga og hafa mannaforráð og staðgenglar þeirra.

4. grein.

Fagdeild stjórnenda eigi einn sérstakan fulltrúa á þingi LSS auk stjórnarmanns.

5. grein.

Fagdeild stjórnenda geta sett sér samþykktir, en þær mega þó ekki fara í bága við lög LSS.

6. grein.

Aðilar að Fagdeild stjórnenda eru með málfrelsi og tillögurétt á þingum LSS.

7. grein.

Fagdeild stjórnenda hefur heimild fyrir sérfjárhag fagdeildar.

8. grein.

Ársfundir Fagdeildar stjórnenda eru haldnir samkvæmt reglum/samþykktum þar um.

9. grein.

Heimilt er að setja á laggirnar sérstaka samningseiningu slökkviliðsstjóra- stjórnenda sem fjalli um kjara- og réttindastöðu slökkviliðsstjóra- stjórnenda. Slökkviliðsstjórar- stjórnendur skipi samningseininguna auk formanns samninganefndar LSS.

10. grein.

Um breytingar á reglum þessum gildir sama og um lagabreytingar væri að ræða.

Samþykkt á 18. þingi LSS, 24. september 2020